

Rarik ohf
Dvergshöfða
110 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2023
UST202308-166/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum-Hólmanes plægning háspennustrengs

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Rarik ohf., dagsett 18. ágúst 2023, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins og fólkvangsins Hólmaness.

Hólmanes er friðlýst sem friðland og fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 182/1973. Varast skal að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi. Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegs viðhalds þjóðvegjar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu. Vélknúnum tækjum má aðeins aka eftir þjóðvegi. Undanþágur frá friðlýsingarskilmálum eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að plægja niður háspennustreng um tveggja kílómetra leið í gegnum friðlandið og fólkvanginn Hólmanes. Yfirlitsmynd sem sýnir þá leið sem til stendur að plægja strenginn, fylgdi með umsókn. Strengurinn verður plægður niður á 90 cm dýpi. Við lagningu strengsins verður þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og að sem minnst ummerki eftir framkvæmdirnar sjáist. Enginn jarðspennistöð verður sett niður innan friðlýsts svæðis. Strengirnir verða lagðir í vegkant vegs sem áður var aðalvegur til Eskifjarðar en í dag er hann notaður til að þjónusta endurvarpsstöð. Áætlaður verktími er 1 mánuður og stefnt að verklokum fyrir lok nóvember 2023. Að verkinu koma 4 starfsmenn á jarðýtu sem plægir niður strenginn og beltagröfu sem fylgir jarðýtunni og lagfærir ummerki eftir plæginguna.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar á svæðinu til lengri tíma. Stofnunin metur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufar til skamms tíma á meðan framkvæmdir eru í gangi en þau séu afturkræf verði farið eftir skilyrðum leyfisins. Umferð gesta er lítil um þann hluta svæðisins sem framkvæmdin er bundin við og framkvæmdin því ekki talin hafa teljandi áhrif..

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Rarik ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu háspennustrengs innan friðlandsins og fólkvangsins Hólmaness sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 1. desember 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Einungis skal aka jarðýtu og beltagröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðinn þar sem farið er yfir gróið land en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Lára Björnsdóttir
sérfræðingur